

## AUGLÝSING

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu, nr. 90 12. júlí 1956.

Fyrir „tíu krónur“ í 11. gr. reglugerðarinnar komi: Tuttugu og fimm krónur.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961.

*Landbúnaðrráðuneytið, 30. desember 1965.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Nr. 250.

31. desember 1965.

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hríseyjar.

### 1. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Hrísey.

### 2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

### 3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varðar, annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annast önnur þau störf vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

### 4. gr.

Hreppsnefnd hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu gjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

### 5. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr aðalæð í hús sín, og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum frá aðalæð vel við og láta tafarlaust gera við þær, er leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar við vatnsveituna nema með leyfi vatnsveitunefndar eða umsjónarmanns.

## 6. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

## 7. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á gjalddaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm hreppsnefndar. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

## 8. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt að, skal greiða vatnsskatt 1% fasteignamatsverðs árlega, þó þannig, að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 300.00 Af gripahúsum, beitingaskúrum og slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 100.00.

## 9. gr.

Af hraðfrystihúsum skal greiða 3% af fasteignamatsverði.

Af öðrum, sem nota mikið vatn, svo sem sjóhús og öðrum sambærilegum, skal greiða 2% af fasteignamatsverði árlega, þar til vatnsmælir hefur verið fenginn og greiðist þá eftir honum þannig: kr. 1.50 fyrir hverja smálest upp að 500 smálestum og kr. 1.00 fyrir næstu 500 smálestir og þar eftir kr. 0.50.

## 10. gr.

Auk vatnsskatts, sem um getur í 8. og 9. gr., skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa kr. 15.00 fyrir smálestina, þó sé aldrei greitt minna fyrir vatn til fiskiskipa en kr. 50.00 og annarra skipa kr. 100.00.
2. Af hverri tunnu saltaðrar síldar kr. 0.75.
3. Trillubátar greiði kr. 50.00.
4. Heimilt skal hreppsnefnd að semja um fast árgjald fyrir neyzluvatn til báta, sem gerðir eru út frá Hrisey, og einnig að ákveða lágmarksgjald fyrir bíla.

## 11. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að hækka eða lækka vatnsskatt þennan allt að 50% og einnig að ákveða lágmarkstengigjald allt að kr. 500.00.

## 12. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts húsa er 1. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár. Vatnsskattur samkvæmt 10. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framléidd eða flutt á skipsfjól til útflutnings.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

## 13. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi vatnsveitunefndar

## 14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hriseyjarihrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Hriseyjarkaupstúns nr. 88 18. júní 1942 með síðari breytingu nr. 170 2. ágúst 1950.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1965.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Kópavogskaupstaðar,  
nr. 183 12. desember 1958.

### 1. gr.

8. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir hvert íbúðarhús, sem fær vatn frá vatnsveitu bæjarins, skal greiða tengigjald kr. 1000.00 fyrir einbýlishús, kr. 400.00 fyrir aðra íbúð í húsi og kr. 200.00 fyrir hverja íbúð úr því.

Fyrir útihús, tilheyrandi íbúðarhúsi, svo sem gripahús, gróðurhús, smáverkstæði o. s. frv., sem vatnslögn er lögð í frá einni og sömu heimtaug, greiðist eigi sérstaklega.

Fyrir hús, önnur en íbúðarhús, sem sérstök heimtaug er lögð til, skal greiða tengigjald kr. 1000.00 til 2000.00 eftir mati bæjarráðs að fenginni umsögn vatnsveitunefndar.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

### 2. gr.

Fyrsta málsgr. 10. greinar orðist svo:

Af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlega vatnsskatt til vatnsveitunnar 1.5% af fasteignamatsverði, en þó er lágmarksupphæð skattsins kr. 375.00 af hverri íbúð.

Greinin óbreytt að öðru leyti.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1965.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*